

Alþingi

Erindi nr. 5117 / 96

komudagur 23/11 1993

221193-1

Til heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis  
Frá Dögg Pálsdóttur.

#### MINNISBLAÐ

Efni: Tekjutengdar bætur skv. lögum um almannatryggingar og skv. frv. til laga um almannatryggingar og félagslega aðstoð.

#### 1. Grunnlífeyrir elli- og örorkulífeyris:

Almannatryggingalög: Tengist launatekjum og eignatekjum öðrum en fjármagnseignatekjum. Mun tengjast fjármagnseignatekjum þegar þær tekjur verða almennt skattlagðar.

Frv. til laga um almannatryggingar: Sama og í gildandi lögum.

#### 2. Tekjutrygging:

Almannatryggingalög: Tekjutengd. Allar tekjur nema fjármagnseignatekjur hafa áhrif á tekjutryggingu.

Frv. til laga um almannatryggingar: Sama og í gildandi lögum.

#### 3. Mæðra- og feðralaun:

Almannatryggingalög: Heimild til tekjutengingar.

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimild til tekjutengingar.

#### 4. Barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18-20 ára:

Almannatryggingalög: Heimilt að taka tillit til efnahags og synja ef efnahagur er sérstaklega góður.

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimild til tekjutengingar.

#### 5. Umönnunarbætur:

Almannatryggingalög: Ekki tekjutengdar.

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimild til tekjutengingar.

**6. Endurhæfingarlífeyrir:**

Almannatryggingalög: Grunnlífeyrir tekjutengdur með sama hætti og grunnlífeyrir elli- og örorkulífeyris.

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimild til tekjutengingar.

**7. Makabætur.**

Almannatryggingalög: Heimildarákvæði - "ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi".

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimild til tekjutengingar.

**8. Ekkju- og ekklabætur:**

Almannatryggingalög: Ekki tekjutengdar.

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimild til tekjutengingar.

**9. Ekkjulífeyrir:**

Almannatryggingalög: Ekki tekjutengdar.

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimild til tekjutengingar.

**10. Heimilisuppbót.**

Almannatryggingalög: Tekjutengdar og skerðast með sama hætti og tekjutrygging.

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimild til tekjutengingar.

**11. Sérstök heimilisuppbót:**

Almannatryggingalög: Tekjutengdar.

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Skylda ef einhleypingur hefur eingöngu tekjur úr lífeyristryggingum almannatrygginga.

**12. Uppbætur vegna sérstakra aðstæðna:**

Almannatryggingalög: Tekjutengdar. Byggir á heimildinni "Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki komist af án þess."

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimild til tekjutengingar.

13. Uppbót vegna reksturs bifreiðar og  
bifreiðakaupastyrkir:

Almannatryggingalög: Heimildarákvæði tengt nauðsyn "...ef sýnt þykir að bótapegi geti ekki komist af án uppbótarinnar..." Sennilega koma tekjur inn í það mat.

Frv. til laga um félagslega aðstoð: Heimild til tekjutengingar.

221193-2.dp

**Tillögur um breytingar á frv. til laga um almannatryggingar:**

1. málsg. 32. gr. verði svohljóðandi:

Sá sem átt hefur lögheimili í landinu í sex mánuði, sbr. 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990 sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um tilkynningar um aðsetursskipti, nr. 73/1952, með síðari breytingum, telst sjúkratryggður, nema annað leiði af milliríkjasamningum. Heimilt er að greiða nauðsynlega þjónustu í skyndilegum sjúkdómstilfellum, þótt biðtíminn sé ekki liðinn.

Við 1. málsg. 40. gr. bætist: sbr. þó 3. málsg.

Við 40. gr. bætist ný málsg. sem verður 3. málsg. svohljóðandi:

Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis í EES-landi og skulu þá sjúkratryggingar greiða kostnað af því skv. reglum EES á sviði almannatrygginga.

**Tillögur um breytingar á frv. til laga um félagslega aðstoð:**

1. málslíður 4. gr. orðist svo:

Heimilt er að greiða framfærendum fatlaðra og sjúkra barna, sem dveljast í heimahúsi eða um stundarsakir á sjúkrahúsi, styrk .....

1. málsg. 13. gr. orðist svo:

Ákvæði laga um almannatryggingar skulu gilda um bætur félagslegrar aðstoðar eftir því sem við á, m.a. um kærurétt til Tryggingaráðs.